



## Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 19. desember 2016

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps 19. desember 2016, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Hinrik Ingólfsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Baldur Kjartansson, Höskuldur Haraldsson, Teitur Helgason og Axel Örn Sveinbjörnsson.

Einnig mættur: Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

**1. mál: Engihlíð - skógrækt.** Óskað er heimildar Vopnafjarðarhrepps fyrir skógrækt til nytjar í landi Engihlíðar. Fyrir liggur undirritaður samningur Engihlíðar og Skógræktarinnar, dags. 10.11.2016, og er meðfylgjandi ásamt uppdrætti af því svæði sem málið varðar.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að heimila framkvæmdina og felur byggingafulltrúa að ljúka málinu.

**2. mál: Kolbeinsgata 14** – Umsókn eiganda fasteignar, Ríkiseigna, um heimild til breytinga á innra skipulagi húseignarinnar að Kolbeinsgötu 14 ásamt nýjum glugga á norðvesturhlið húss. Meðfylgjandi er dags. umsókn og uppdrættir.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða fyrirhugaðar breytingar og felur byggingafulltrúa að veita framkvæmdaleyfið.

**3. mál: Uppbygging innviða fyrir rafmagnsbíla á Austurlandi** – Á fundi sveitarstjórnar þann 20. október sl. lágu fyrir meðfylgjandi gögn og samþykkt að senda til umsagnar í skipulags- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur tekið málið fyrir, telur það áhugavert og hvetur sveitarfélagið til að vinna að framgangi rafvæðingar svo sem kostur er. Samþykkt með 6 atkvæðum, Axel Örn sat hjá.

**4. Vallarhús við íþróttavöll Vopnafjarðar** – Drög að bréfi Sigurðar Jónssonar bygg.fltr. er varðar grenndarkynningu vegna byggingar vallarhúss við íþróttavöll Vopnafjarðar. Hefur verið að málinu unnið að undanfögnu og verður kynnt á fundinum. Bréfið annars til kynningar.

Formaður óskaði eftir að starfsmaður gerði nánari grein fyrir málinu og kom fram eftirfarandi: Fyrir liggur samþykkt um byggingu vallarhússins á þeim stað sem uppdrættir EFLU sýna og voru lagðir fyrir nefndina 26. ágúst sl. Vilji er til að verkfræðistofan skili af sér aðaluppdráttum eigi síðar en mán.mótin janúar-febrúar nk. Ekki er þörf á að fyrir liggja deiliskipulag skv. byggingarfulltrúa, sem flýttir verkferlinu verulega, en sbr. meðfylgjandi drög að kynningarbréfi er þörf á grenndarkynningu og verður farið í hana í upphafi nýs árs.

Síðan samhljóða samþykkt að setja bygginguna í grenndarkynningu, þ.e. uppdrætti með staðsetningu hússins á vallarsvæðinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:50.